

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 858/2014 um úthlutun afgreiðslutíma flugvalla.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður:

8. Reglugerð Eyrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2038 frá 19. október 2022 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 að því er varðar tímabundna tilslökun á reglum um nýtingu afgreiðslutíma á flugvöllum í Sambandinu vegna faraldsfræðilegra aðstæðna eða hernaðar-árása, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2023, frá 17. mars 2023, eins og hún birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Eyrópusambandsins nr. 85 frá 16. desember 2022, bls. 129-137.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í g-lið 1. mgr. 200. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 28. apríl 2023.

F. h. r.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Valgerður B. Eggertsdóttir.